

## Tillaga til þingsályktunar

um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Bjarkey Gunnarsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svandís Svavarsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að gera formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og felur ríkisstjórninni að gera Evrópusambandinu grein fyrir þeirri afstöðu. Enn fremur ályktar Alþingi að aðildarviðræðum verði ekki haldið áfram eða þær teknar upp á nýjan leik nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingi ályktar að efnt skuli til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir lok kjörtímabilsins.

### Greinargerð.

Alþingi samþykkti 16. júlí 2009 að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Samkvæmt þingsályktuninni skyldi við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram komu í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar (þskj. 249 á 137. löggjafarþingi). Formlegar viðræður hófust um ári síðar á grundvelli þessarar samþykktar Alþingis og höfðu 27 samningskaflar af 33 verið opnaðir um áramót 2012–2013, þar af hafði 11 verið lokið. Auk þess hafði Ísland afhent samningsafstöðu í tveimur köflum til viðbótar.

Í ársbyrjun 2013 var hægt á aðildarviðræðum og ákveðið að opna ekki fleiri samningskafla enda óvissa um framhald málsins og þá þegar ljóst að viðræðum yrði ekki lokið á því kjörtímabili. Sérstaklega var vísað til þess að Evrópusambandið hefði dregið að ljúka rýniskýrslu sinni um sjávarútvegsmál mánuðum saman, en það er án vafa sá kafla viðræðnanna sem hvað mesta þýðingu hefur fyrir íslenska hagsmuni. Var málið því metið svo að það þjónaði best hagsmunum Íslands að gera tímabundið hlé fram yfir alþingiskosningar í því augnamiði að ákvörðun um framhald málsins yrði tekið af nýju Alþingi og nýrri ríkisstjórn.

Skiptar skoðanir hafa lengi verið meðal landsmanna um hver tengsl Íslands við Evrópusambandið ættu að vera. Sömu sögu er að segja um afstöðu stjórnmalaflokkanna, milli þeirra og innan. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að aðild að Evrópusambandinu þjóni ekki hagsmunum Íslands í heild. Á þeirri stefnu hefur engin breyting orðið. Eigi að síður telur Vinstri hreyfingin – grænt framboð að framtíðartengsl Íslands og Evrópusambandsins séu eitt af stórmálum íslenskrar utanríkisstefnu sem takast þarf á við og ræða. Það er afstaða flokksins að um sé að ræða stórmál af því tagi sem þjóðin sjálf verði að lokum með lýðræðislegum hætti að taka af skarið um. Í þeim anda er tillaga þessi flutt. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og fram eftir ári 2009 voru skýrar vísbendingar um vilja kjósenda til að kanna kosti þess og galla fyrir Ísland að gerast aðili að Evrópusambandinu. Endurspegladist

sú afstaða ítrekað í skoðanakönnunum. Á sama tíma hafa þó flestar skoðanakannanir bent til þess að meiri hluti þjóðarinnar væri andvígur aðild að sambandinu.

Allt frá því að málið kom til meðferðar Alþingis vorið 2009 hafa þau sjónarmið verið uppi að rétt væri að leita álits þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. var lagt til á sínum tíma að efnt yrði til tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu, annars vegar um hvort sækja skyldi um aðild og hins vegar um sammingsniðurstöðu. Af því varð þó ekki og tillaga um að sækja um aðild hlaut stuðning úr öllum stjórnsmálaflokkum sem sæti áttu á Alþingi á síðasta kjörtímabili.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem var mynduð eftir alþingiskosningarnar í apríl 2013 var kveðið á um að viðræðurnar við ESB yrðu ekki teknar upp að nýju nema að undan-genginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Enda þótt þau sjónarmið hafi komið fram af hálfu formanna beggja stjórnarflokkanna fyrir kosningar að þeir væri því fylgjandi að slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram á fyrri hluta kjörtímabilsins var þó ekki kveðið svo fast að orði í stjórnarsáttmálanum. Hann veitir því ekki beina leiðsögn í málinu umfram það sem þar segir beinum orðum.

Í vor ákvað utanríkisráðherra að gera hlé á aðildarviðræðunum um ótiltekinn tíma og stöðva frekari vinnu samninganefnda og hópa. Síðsumars lagði utanríkisráðherra fram í utanríkismálanefnd lögfræðiálit þess efnis að ekki væri nauðsynlegt að afla samþykkis Alþingis fyrir þeirri ákvörðun. Skiptar skoðanir eru um hvort ríkisstjórnin geti einhliða vikið ályktun Alþingis til hliðar með þeim hætti og flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að veigamikil lýðræðisleg rök hnigi að því að ráðherra geti ekki farið í bága við þingsályktanir sem varða mikilsverð utanríkismál og samskipti við aðrar þjóðir eða alþjóðastofnanir nema að fá fyrst fram skýra afstöðu þingsins þar um.

Nú hefur verið lögð fram stjórnartillaga um að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Athygli vekur að tillagan kemur fram áður en umræðu um skýrslu Hagfræðistofnunar um stöðu Evrópusambandsmálsins er lokið. Á fyrri stigum höfðu talsmenn núverandi ríkisstjórnar ítrekað sagt að ekki væri tímabært að taka ákvörðun um málið fyrir en umrædd skýrsla væri fram komin. Telur ríkisstjórnin bersýnilega enga þörf á gagngerrni umræðu um ESB-skýrsluna og ómerkir þannig fyrri orð. Það bendir til þess að ríkisstjórnin kæri sig ekki um ítarlega og vandaða umfjöllun um málið.

Úr því sem komið er mun niðurstaða ekki fást um tengsl Íslands við Evrópusambandið á hvern veg sem er nema þjóðin taki afstöðu til málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ugglást hefði verið affarasælast að bera spurninguna um upphaf viðræðna undir þjóðina á sínum tíma en miðað við stöðu málsins nú og yfirlýsingar forustumanna stjórnsmálaflokkanna hefði mátt telja víst að almennur stuðningur væri við það að leita eftir ráðgefandi áliti þjóðarinnar um framhald málsins. Í umræðum um málið hefur komið fram það sjónarmið að rétt væri að leita álits þjóðarinnar á því hvort halda eigi viðræðum áfram og bera sammingsniðurstöðu undir þjóðina. Einnig hefur það sjónarmið verið viðráð að réttast væri að spyrja hvort meiri-hlutavilji sé til þess með þjóðinni að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu og vilji þar af leiðandi að aðildarumsókninni verði haldið til streitu eða hún dregin til baka ef ekki reynist vilji til þess að Ísland gangi í Evrópusambandið. Með því að leggja málið formlega til hliðar að sinni, en sammælast jafnframt um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir lok kjörtímabilsins, þannig að leiðsögn þjóðarinnar í málinu liggja fyrir við næstu reglulegu alþingiskosningar, er þess freistað að taka málið úr þeim átakarvegi sem það hefur verið í og um leið komið til móts við ólík sjónarmið.

Flutningsmenn telja að samskipti Íslands og Evrópusambandsins standi á nokkrum tíma-mótum. Evrópusambandið er óumdeilanlega mikilvægur samstarfsaðili Íslands á fjölmörgum

sviðum. EES-samningurinn sem Ísland hefur verið aðili að í um 20 ár er umfangsmikill og nær til fjölmargra málavíða og hafa skuldbindingar þjóðarinnar samkvæmt honum orðið æ meiri í tímans rás, án þess að þjóðin hafi nokkru sinni verið spurð um afstöðu til hans. Í honum felst umtalsvert framsal ríkisvalds og nýjar ákvarðanir reyna í vaxandi mæli á þanþol stjórnarskrárinnar gagnvart honum. Þá á Ísland í umfangsmikilli samvinnu á grundvelli Schengen-samstarfsins sem sömuleiðis er því marki brennt að þjóðin hefur ekki tekið afstöðu til þess sérstaklega. Núverandi ríkisstjórn er andvíg aðild Íslands að Evrópusambandinu en hefur kveðið á um að ef halda eigi viðræðum áfram verði það einungis gert að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald málsins á einnig vaxandi hljómgrunn meðal stjórnarandstöðuflokkanna. Skoðanir um málið eru afar skiptar meðal þjóðarinnar ef marka má skoðanakannir. Að öllu þessu virtu er sanngjarnasta málsmeðferðin og sú sem ætti að geta skapað breiða sátt, óháð afstöðu til ESB-aðildar, að gera formlegt hlé á aðildarviðræðunum þannig að þær verði þá ekki viðfangsefni núverandi ríkisstjórnar, en jafnframt að efna heit, m.a. forustumanna núverandi ríkisstjórnar, um aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald málsins. Með því að stefna að slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir næstu alþingiskosningar getur þjóðin veitt leiðsögn sína og stjórn málahreyfingarnar tekið mið af henni við myndun næstu ríkisstjórnar.

Þessi tillaga er hugsuð sem framlag til að finna málinu ábyrgan og ásættanlegan farveg fyrir sem allra flesta án tillits til efnislegrar afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu. Með þessu móti ætti einnig að vera unnt að skapa festu og traust í samskiptum Íslands við Evrópusambandið sem þrátt fyrir allt er einn mikilvægasti samstarfsaðili Íslands á alþjóðavettvangi. Flutningsmenn tillögunnar leggja áherslu á að fram að þjóðaratkvæðagreiðslu starfi þverpólitískur hópur þingmanna allra stjórn málasamtaka að upplýstri umræðu um málið og til undirbúnings atkvæðagreiðslunni.